



Athugasemdir við “Athuganir vegna Landsmiðju”. Skýrsla 17. febrúar 1954

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Dómsmálaráðherra – Utanríkisráðherra – Landsmiðjan - Jóhannes
Zoega – Athugasemdir – Skýrsla – Tillögur – Ríkisfyrirtæki - 1954

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-14, Örk 9

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Athugasemdir
við "Athuganir vegna Landsmiðju".

1. Tillögur um Landsmiðju frá ríkisskipaðri nefnd.

Í "Athugunum" segir: "nefndin lagði m.a. til, að rekstur Landsmiðjunnar yrði framvegis miðaður við þarfir ríkisins og hún ynni eingöngu fyrir það, með tilliti til sinnar sérstöðu."

Hér skýtur nokkuð skökku við, því að í skýrslu þessarar nefndar til atvinnumálaráðuneytisins, dags. 28. október 1947, sem mestmegnis fjallar um bátasmiðar Landsmiðjunnar á árunum 1945-47, segir m.a. svo í lokakaflanum, sem heitir "Viðfangsefni í nútíð og framtíð":

"Til þess að tryggja smiðjunni verkefni í framtíðinni er því nauðsynlegt að víkka verksvið hennar. Auðveldasta og sjálfsagðasta leiðin til þess er að tryggja það, að smiðjan gangi fyrir allri þeirri verkstæðisvinnu, sem ríkið eða ríkisstofnanir þurfa að láta framkvæma og hún getur tekið að sér.

Þær stofnanir, er til greina komar og auðveldlega geta skapað Landsmiðjunni nægileg verkefni allt árið, ef vel er á haldið, eru:

1. Skipaútgerð ríkisins
2. Síldarverksmiðjur ríkisins
3. Vegagerð ríkisins
4. Vitamálástjórnin
5. Rafmagnsveitur ríkisins
6. Flugmálástjórnin
7. Véla- og verkfærasjóður ríkisins
8. Skólar, sjúkrahús o.fl.

Opinberar og hálf opinberar stofnanir".

"Er þó nauðsynlegt, að málmsteypan verði aukin og endurbætt allverulega".

"Það atriði kemur og til greina, að víkka verksvið Landsmiðjunnar á þann hátt að láta hana í auknum mæli taka að sér mótörviðgerðir fyrir mótörbátafлотann; og loks "Er tímar

líða gæti og á þennan hátt skapað grundvöllur undir framleiðslu fyrir mótorvélar fyrir bátafлотann o.fl. hér á landi".

2. Hliðstæð fyrirtæki.

Ekki er mér kunnugt, hvernig rekstri Gutenberg er hagað, en hitt veit ég, að vart er mögulegt að fá þar nokkuð prentað nema á mjög löngum tíma vegna anna, sérstaklega um pingtímann. Láta því margar ríkisstofnanir prenta sín plögg annarsstaðar.

Verkstæði þau, sem hér eru nefnd, eru raunar stofnanir, sem klofnar hafa verið út úr Landssmiðjunni, eða aldrei verið sameinuð henni, eins og gert er rað fyrir í 2. gr. laga um Landssmiðju. Hér er heldur ekki um sjálfstæðar stofnanir að ræða, heldur er þeim beinlínis séð fyrir fé til stofn- og reksturskostnaðar á fjárlögum.

3. Skipanaust - Vatnagarðar.

Landssmiðjan var einn af hluthöfum í Skipanaust h/f, sem stofnað var 1944. Hinsvegar er það ekki rétt, að hún hafi verið skoðuð sem skjól hinna fyrirtækjanna, sem að því félagi stóðu. Landssmiðjan átti aðeins 30.000 króna hlut af kr. 1.200.000.- og var þannig ein af minni hluthöfum (Vélsmiðjan Keilir h/f átti t.d. kr. 185.000.-, Magnús Guðmundsson, skipasm. kr. 100.000.- og Vélsmiðjan Bjarg kr. 100.000.-, Reykjavíkurbær kr. 100.000.-). Landssmiðjan hefur ekki átt fulltrúa í stjórn Skipanaust h/f nema í tvö ár, 1949 og 1951, og ekki bendir það til þess að Landssmiðjan hafi haft forustu í því félagi, að þáverandi forstjóri hennar gerir á fundi í félaginu snemma á starfsferli þess fyrirspurn til stjórnarinnar, hverjar séu fyrirætlanir hennar um framkvæmdir í framtíðinni.

Á aðalfundi í Skipanaust h/f síðastliðið haust var samþykkt með samhljóða atkvæðum að slíta félaginu. Ástæðurnar voru þessar:

1. Fjárreiður félagsins voru í megnasta ólestri og hafði það verið rekið með miklum halla, einkum á fyrstu starfsárum þess.
2. Komið hafði fram, að ekki var kostur þess að byggja dráttarbraut á landrými félagsins fyrir stærri skip en ca. 1500

tonn, vegna lítils dýpis við ströndina.

3. Alþingi hafði ekki framlengt heimild um ríkisábyrgð fyrir Skipanaust h/f til byggingar dráttarbrautar, heldur samþykkt ríkisábyrgð fyrir Slippfélagið í sama tilgangi, fyrir allt að kr. 6.000.000.-. Þessi ríkisábyrgð var veitt Slippfélaginu h/f af atvinnuáráðherra og fjármála- ráðherra.

Landssmiðjuna vantar nú mjög tilfinnanlega landrými fyrir starfsemi sína, þar sem núverandi lóð er fyrir löngu orðin allt of lítil og auk þess skert af skipulagsástæðum á síðastliðnu ári. Hún hefur orðið að greiða nokkurt fé í leigu á geymsluhúsnæði víða um þennan undanfarin ár auk kostnaðar vegna dreifingar þessara geymslna á marga staði.

Landssmiðjan hefur nú sótt um lóð fyrir starfsemi sína í Vatnagörðum. Ástæður fyrir þessu vali eru einkum:

1. Aðalverkefni Landssmiðjunnar eru viðgerðir skipa og skipavéla. Þer því að velja stað fyrir hana við sjó.
2. Viðgerðir skipa eru svo stopular, að nauðsynlegt er hverri viðgerðarstöð að stunda nýsmíði skipa jafnframt við- viðgerðum til vinnujöfnunar og til þess að standa straum af öflun tækja til hagkvæmari reksturs. Skipasmíði er að- eins hægt að stunda við sjó.
3. Landssmiðjan smíðar einnig tréskip, en til þeirrar starf- semi hefur hún nú aðeins til bráðabyrgða afnot af lóð við Fúlutjörn, og hefur þess verið farið á leit, að lóð sú yrði rýmd hið fyrsta.
4. Sjávardýpi við Vatnagarða er nægilegt til þess að stunda þar skipasmíðar og koma upp síðar dráttarbraut til skipavið- gerða. Hið síðarnefnda er að vísu ekki kleift í nánustu framtíð vegna kostnaðar, en engu að síður nauðsynlegt, þar sem Landssmiðjunnar er ekki heimilt að framkvæma trévið- gerðir skipa á dráttarbrautum Slippfélagsins h/f.
5. Skipulagsstjórn Reykjavíkurbæjar ætlar landssvæði þetta til atvinnureksturs af þessu tagi.

4. Samanburður við önnur lönd.

Í Evrópulöndunum eru mörg fyrirtæki í ríkiseign, sem keppa við önnur fyrirtæki á frjálsum markaði. Eru þetta ýmist stofnanir, sem ríkið er einkaeigandi að ("Regie"-fyrirtæki) eða hlutafélög, þar sem ríkið á að einhverju eða öllu leyti hlutaféð. Eru þannig í flestum löndunum ríkisjárnbrautir og bílar, sem keppa við flutninga-bíla í einkaeign, orkuver, efnaverksmiðjur, flutningatekja- og mótiverksmiðjur, skipasmíðastöðvar auk banka, tryggingastofnana o.fl. Í Ameríku eru raforkuver rekin bæði í einkaeign og af ríkinu, ennfremur eru brýr og vegir þar ýmist í ríkiseign eða einkaeign, svo að ekki er gott að átta sig á því, hvar höfundur "Athugana" staðsetur sitt járnþjald. Hvort þessar staðreyndir eru til fyrir-myndar, vil ég ekki leggja dóm á hér.

5. Umboðssala, heildsala, smásala.

Allar stærri smiðjur þessa bæjar stunda verzlun með vélar og smíðaeefni og hafa umboð fyrir ýmsar erlendar vélaverksmiðjur. Þetta er nauðsyn, þar sem

1. Smiðjurnar fá ódýrara efni þannig en að kaupa það í smásölu eftir þörfum.
2. eðlilegt er, að vélsmiðjur hafi sölu og umboð véla, sem þær gera við og hafi því varahluti fyrirbyggjandi, og sem greiðastan aðgang að þeim hjá framleiðslufyrirtækjum. Þetta kemur einnig fram í áðurgreindri skýrslu (sbr. lið 1), en þar segir svo:
 "Með því að setja á stofn fullkomið mótörvélaverkstæði, væri hægt að bæta þetta ástand (þ.e. skort á mótörvarahlutum) allverulega t.d. með því að fá framleiðendur hinna helztu mótörvéla til þess að leggja smiðjunni til fullkomnar birgðir af þeim varahlutum, sem ætla má að nota þurfi, og ætti skv. fordæmum að vera hægt að fá þessar birgðir með þeim kjörum að greiða eftir því sem hlutirnir seldust."
3. Nauðsynlegt er hverri smiðju að hafa nokkurt efni af ýmsum tegundum fyrirbyggjandi til þess að geta framkvæmt

ýmis verkefni fyrirvaralítið. Þetta er af fjárhagsástæðum ekki mögulegt fyrir fátækt fyrirtæki án þess að selja einnig efni til annarra. Mér er ekki kunnugt um, að neinir kaupmenn hér hafi fyrirbyggjandi efnisbirgðir til járnsmíði hvorki í heildsölu né smásölu.

Einkum eru það aðrar smiðjur, sem kaupa efni af Landssmiðjunni, og bendir það varla til þess, að þeim finnist viðskiptin baka sér tjón.

6. Vinnufríðindi.

Landssmiðjan á samkvæmt lögum að hafa forgangsrétt að allri smíðavinnu fyrir ríkisfyrirtæki. Fjarri fer þó að þessu sé framfylgt. Af þeim ríkisstofnunum, sem um getur í áðurgreindri skýrslu (lið 1), eru aðeins Skipaútgerð ríkisins og vitamálastjórnin, sem að mestu leyti skipta við Landssmiðjuna. Þó var olíuskiptið Þyrill tekið úr viðskiptum við hana og fært til h/f Hamars og Stálsmiðjunnar h/f. Síldarverksmiðjur ríkisins hafa sem kunnugt er aðallega skipt við vélsmiðjuna Héðin h/f um allar stærri framkvæmdir. Auk þess hafa þær nú verkstæði sjálfar og keppir það við aðrar smiðjur. Vegagerð ríkisins skiptir að verulegu leyti við h/f Hamar. Rafmagnsveitur ríkisins hafa skipt mikið við Héðin h/f. Flugmálastjórnin hefur nær engin viðskipti við Landssmiðjuna, og svo er um Véla- og verkferasjóð ríkisins. Skólar, sjúkrahús o.fl. stofnanir á vegum húsameistara ríkisins hafa lítið eða ekki skipt við Landssmiðjuna. Einnig má minnst á Eimskipafélag Íslands h/f sem hálfopinbera stofnun, sem nýtur skattfrelsis. Þegar Ólafur Sigurðsson lét af stjórn Landssmiðjunnar og ég tók við, voru skipin Selfoss og Reykjafoss tekin úr viðskiptum við Landssmiðjuna og þau færð til Hamars h/f.

Ekki er ástæðan þó sú, sem gefin er skyn í "Athugunum", að Landssmiðjan anni ekki öllu þessu, eins og sjá má af því, að af heildarviðskiptum Landssmiðjunnar, sem á árinu 1953 námu kr. 21.054.000.- er hlutur ríkisstofnana og hálfopinberra fyrirtækja aðeins kr. 7.471.000.- eða 35.5 o/o. Af þessari upphæð eru a.m.k. kr. 1.200.000.- tilboðavinna.

Auk þess má benda á það, að vegna þess að Landssmiðjan er

ríkisfyrirtæki nýtur hún ekki sömu aðstöðu og aðrar smiðjur um vinnu fyrir ýmis einkafyrirtæki og stofnanir. Þannig er Lands-smiðjunni yfirleitt ekki gefinn kostur á vinnu fyrir stofnanir Reykjavíkurbæjar, togarafélög, tryggingafélög eða umboðsmenn er-lendra skipafélaga, svo að aðeins nokkrir stórir aðilar séu nefndir.

Einnig ber að athuga, að stærri járnsmíðaframkvæmdir ríkis-stofnana, sem skipta við Landssmiðjuna, eru nær ávallt boðnar út, en sjaldan hjá einkafyrirtækjum.

7. Skattfríðindi.

Landssmiðjan greiðir skatt eins og hlutafélag, en útsvar eins og ríkisstofnun, þ.e. 5 o/o af ágóða og opinberum gjöldum. Þetta getur ekki talizt réttlátt með tilliti til samþarilegra fyrirtækja, og hef ég því beðið atvinnumálaráðuneytið, með bréfi dags. 16. jan. 1953 að hlutast til um að flutt verði frumvarp um, að Landssmiðjan greiði skatt og útsvar eins og hlutafélag. Málið hef ég einnig borið fram við fjárveitinganefnd Alþingis á s.l. hausti og einnig um sama leyti tilkynnt borgarritara Reykjavíkur um þessa fyrirætlun.

Fram til ársins 1945 greiðir Landssmiðjan skatt eins og einkafyrirtæki og hafði með því þyngri opinber gjöld en hlutafélög, þótt útsvar væri lægra, sbr. skýrslu til atvinnu- og samgöngumála-ráðuneytisins 29. des. 1943.

Öll opinber gjöld síðan 1945 hefur smiðjan orðið að greiða á gjalddaga, en nokkuð af eldri skatti hefur verið greitt með víxli, sem legið hefur hjá tollstjóra, enda hefa skuldir ýmissa ríkis-stofnana við Landssmiðjuna oftast numið miklu hærri upphæðum.

Ekki er rökstudd að neinu leyti áætlun í "Athugunum" um fríðindi Landssmiðjunnar fram yfir einkafyrirtæki, en ef hún væri nærri sanni, ætti Landssmiðjan að greiða helmingi hærri opinber gjöld en álíka stór hliðstæð fyrirtæki, samkv. samanburði við skatta- og -útsvarsskrá Reykjavíkur.

Síðastliðið ár greiðir Landssmiðjan hæstan skatt allra vélsmiðja í Reykjavík.

8. Fríðindi til starfsmanna.

Á fundum í Meistarafélagi járníðnaðarmanna í Reykjavík, sem Landssmiðjana er aðili að ásamt öðrum smiðjum í Reykjavík, hafa klögumál um fríðindi til starfsmanna í öðrum smiðjum oft borið á góma. Hefur þar komið fram, að Landssmiðjan veitir sízt meiri fríðindi en aðrar smiðjur til starfsmanna sinna. Skólahlunnindi veitir Landssmiðjan engin, en nemendum er greitt verkamanna-kaup, vinni þeir utan bæjar, (ekki utan verkstæðis), eins og í öllum öðrum smiðjum þessa bæjar. Sem dæmi um þessi klögumál má nefna það, að nokkrir verkstjórar Landssmiðjunnar hafa farið fram á, að ekki væri gefið upp til skatts á vinnuskýrslu allt kaup þeirra, því að þetta væri gert í sumum öðrum smiðjum.

Herra árskaup verkstjóra í Landssmiðjunni en í Héðni má etla að stafi af meiri eftirvinnu þeirra, vegna viðgerða flutninga-skipanna, sem aldrei þola neina bið á viðgerðarvinnu sinni. En af hverju er ekki einnig nefnt meðalkaup verkstjóra í Hamri, sem nálgast þó frekar Landssmiðjukaupið? Allir verkstjórar Lands-smiðjunnar hafa laun samkvæmt s-mningum við Verkstjórafélagið Þór. Síðastliðið vor var í Meistarafélagi járníðnaðarmanna samþykkt krafa verkstjóra um hækkað eftirvinnukaup gegn andmælum fulltrúa Landssmiðjunnar.

9. Aðstoð ráðuneytis og ráðherra.

Saga máls þess, sem hér um getur í "Athugunum", er þessi:

Á aðfangadag jóla 1952 biður Skipaútgæra ríkisins Lands-smiðjuna að gera í skyndi áætlun um ferskvatnsskælingu fyrir vélar m/s Herðubreiðar. Áætlun þessa verði skipaútgæra að leggja fyrir ráðuneyti sitt vegna umsóknar um fjárveitingu til framkvæmdanna, og sé því áriðandi, að upphæðin sé ekki of lág, þannig að hætta sé á því að verkið fari fram úr áætlun. Sendir Landssmiðjan þessa áætlun á þriðja degi jóla eins og um var beðið. 7. febrúar 1953 tilkynnir svo þáverandi skrifstofustjóri skipaútgærarinnar mér, að hann hafi tekið tilboði í þetta verk, sem Héðinn h/f hafi gert nokkru eftir að Landssmiðjan sendi sína áætlun. Landssmiðjanni hafði aldrei verið gefinn kostur á því að bjóða í verkið og mót-mælti ég því þegar. Þar sem ekki fékkst leiðrétting þessa misréttis,

skrifaði ég atvinnumálaráðuneytinu og bað það að athuga málið og gæta þess, að skýlaus réttur Landssmiðjunnar væri ekki þannig fyrir borð borinn, að hún fengi ekki einu sinni tækifæri til þess að gera tilboð í verk fyrir ríkisstofnanir. Síðan hef ég ekkert heyrt um þetta mál, en höfundinn "Athugana" virðist kunn ráðuneyta-bréf um þetta.

Annað atvik þessu líkt skeði á árinu 1952, þegar Sogsvirkjunin, sem að hálfu er ríkisfyrirtæki, bauð út verk til Stálsmiðjunnar h/f og dansks fyrirtækis. Hlaut Stálsmiðjan verkið fyrir um kr. 700.000.- með sáralitlum mun tilboða. Landssmiðjunni var ekki gefinn kostur á að bjóða í þetta verk og kvartaði ég yfir því við einn af forráðamönnum Sogsvirkjunarinnar, sem lofaði að kippa þessu í lag við næsta útboð. Þetta verk hlaut svo Landssmiðjan fyrir kr. 215.000.- en tilboð Stálsmiðjunnar var kr. 394.000.-.

10. Fríðindi ríkisfyrirtækis.

Ekki er það skoðun bankastjóra Landsbankans, að Landssmiðjan hafi "ríkisábyrgð á öllum sínum rekstri", eins og segir í "Athugunum". Neitar því bankinn öllum lánnum fram yfir ákveðna ábyrgð, og byggir það á dómi í máli Síldareinkasölu ríkisins fyrir mörgum árum.

Sem dæmi þess "greiða aðgangs", sem Landssmiðjan hefur að öllum lánsstofnunum, vil ég nefna, að í árslok 1946 er summa af samþykktum víxlum Landssmiðjunnar, skuldabréfum og yfirdrætti á hlaupareikningi kr. 5.083.426,10, en í árslok 1952 eru sömu liðir alls kr. 3.639.134.74. Framleiðsla smiðjunnar 1946 er kr. 3.270.612.33 en 1952 er framleiðslan kr. 16.810.318.98. Þessar tölur tala skýrara máli en nokkrt orðafleipur.

Öll innflutningsfyrirtæki reyna að komast hjá þeim kostnaði, sem opnun ábyrgðar fyrir erlendar vörur þakar þeim, með samningum við seljendur varanna. Stundum tekst þetta og stundum ekki, hjá Landssmiðjunni sem öðrum. Ekki er það rétt, að Landssmiðjan flaggi með ríkisskjaldarmerkinu í erlendum viðskiptum. Þvert á móti gerum við erlendum viðskiptamönnum skilning bankans ljósan, að Landssmiðjan sé sjálfstæð stofnun í ríkiseign með takmarkaðri ábyrgð eiganda.

11. Uppgjöf skulda.

Árið 1947 voru gerðir upp reikningar skipasmíðastöðvarinnar við Elliðárvog, og sýndu þeir mikinn halla, sem ríkissjóður tók á sínar herðar. Virðist þetta tap bæði hafa stafað af reksturs-halla við smíði þeirra fjögurra báta, sem þar voru gerðir, og hinu, að eftir að bátasmíðunum lauk, var ómögulegt að selja stöð-ina neinum aðila á kostnaðarverði.

Nokkuð af þessu tapi hefur ríkissjóður fengið endurgreitt þannig:

- a) Landssmiðjan fékk ekki sérstaka verðuppbót, sem síðar var úthlutuð öllum bátasmíðastöðvum, á báta sína.
- b) Landssmiðjunni tókst síðar að selja allar eikarbirgðir ríkissjóðs án þess að til þeirra afsrifta kæmi, sem ráð var fyrir gert.

Ríkissjóður tekur hér, sem eigandi Landssmiðjunnar, ákvörðun um að halda rekstri hennar áfram, þótt afkoma hennar væri mjög bágborin, enda eru jafnframt gerðar aðrar ráðstafanir til þess að bæta úr þessu.

Um einkafyrirtæki má segja, að ábyrgðartilfinning eigenda þeirra sé með ýmsum hætti, þegar líkt stendur á. Til eru menn, sem ganga í ábyrgð fyrir fyrirtæki sín fram yfir það, sem lög mæla fyrir, til þess að forða lánardrottnum þeirra frá fjártjóni og starfsmönnum frá atvinnumissi. Aðrir nota aftur á mót hvert taki-fari til flóttu í allskonar kreppulána- og skuldaskilasjóði og fá þar sín aflátsbréf. Til eru dæmi um hvorttveggja hér á landi.

12. Tréskipasmíði.

Landssmiðjan hóf aftur smíði tréskipa vorið 1953. Ástæðan fyrir þessu var eingöngu tilraun til öflunar atvinnu fyrir tré-smíði þá, sem hún hefur í þjónustu sinni. Á undanförunum árum hefur trésmíði fyrir ýmsar ríkisstofnanir, einkum skóla og önnur hús á vegum húsameistara ríkisins verið flutt til annarra verkstæða, eins og að framan greinir. Öll trésmíðavinna Landssmiðjunnar í skipum sem standa á dráttarbrautum Slippfélagsins h/f, er forboðin. Til þess að anna ýmissi trésmíðavinnu í skipum á floti veitir Lands-smiðjunni ekki af þeim trésmíðafjölda, sem hún hefur nú, en vinna

Þessi er ákaflega stopul. Önnur trésmíðavinna var mjög af skornum skammti árið 1952 og fram á árið 1953 sem kunnugt er. Var því um það að velja að segja upp flestum trésmíðanna eða skapa einhverja atvinnu fyrir þá, jafnvel þó ekki gæti verið um fullt útsöluverð á vinnu þeirra að ræða. Seinni kosturinn var valinn til reynslu. Hafin var smíði eins fiskibáts og henni haldið áfram án þess að um sölu bátsins væri samið fyrr en nokkrum mánuðum eftir að smíðin hófst, og þá fyrir hæsta verð, sem þá virtist fíánlegt. Geta má þess, að síðar á sama ári var hafin smíði fiskibáta í öðrum skipasmíðastöðvum, og var þessi bátur Landssmiðjunnar því byrjunin á atvinnu fyrir tréskipasmíði landsins á ný eftir margra ára hlé, og málþóf, sem Landssmiðjan kom aldrei nærri. Um verðlagið er það að segja, að Fiskifélag Íslands bauð út smíði fiskibáta af þessari stærð síðastliðið sumar. Var lágsta boðið frá Landssmiðjunni en næstlægsta boð aðeins 5 þús. krónum herra, svo að varla er hægt að tala um neinn þverbrest á verðlagsgrundvelli, þótt mér sé nú ljóst, að þetta verð er of lágt.

13. Smíði stálskipa.

Síðan 1930 hafa tvær smiðjur unnið að viðgerðum stálskipa, Landssmiðjan og plötusmiðja Hamars h/f, sem síðar varð sérstakt hlutafélag og sameign Hamars h/f og Héðins h/f.

Þessar smiðjur hafa síðan þróast hlið við hlið, þótt búnaður plötusmiðju Landssmiðjunnar hafi jafnan verið heldur aftur úr vegna fjárskorts og ýmiskonar skakkafalla smiðjunnar, og svo vegna þess að Landssmiðjan hefur aldrei átt öruggan aðgang að dráttarbraut eða neitt landrými við sjó.

Á síðastliðnu ári gafst Stálsmiðjunni h/f tækifæri til þess að hefja smíði stálskips fyrir Reykjavíkurhöfn og þar með tækifæri til öflunar tækja og aðstöðu til betri vinnubragða í smíði og viðgerðum stálskipa. Er aðeins gott um þetta að segja, þar sem þetta kemur öllum skipum viðskiptamanna þeirra til góða og eykur atvinnumöguleikana í landinu.

Þegar svo nokkrum mánuðum síðar Landhelgisgæzlan, sem hefur sín skipaviðgerðaviðskipti við Landssmiðjuna, ákveður að láta smíða varðbát úr stáli innanlands, býðst Landssmiðjan til þess að taka

að sér smíðina, báðum aðilum til hagsbóta, þótt það kosti nokkra fyrirhöfn og átak. En "þá krefjast forráðamenn Stálsmiðjunnar h/f þess að fá smíði skipsins í sínar hendur, þannig að 24 ára uppbygging og starf Landssmiðjunnar sé að engu haft", svo að notað sé sama orðalag og höfundur "Athugana".

14. Pípuverksmiðja.

Landssmiðjan sótti um leyfi til Fjárhagsráðs um innflutning véla til stálpípuframleiðslu á síðastliðnu ári. Getsakir eru það, að Pétur Pétursson hafi stolið áætlunum A. Jóhannsson & Smith um slíka verksmiðju, þar sem honum var alls ekki kunnug um umsókn þeirra um þennan innflutning. Hinsvegar var mér kunnugt um, að ofangreint fyrirtæki hafði fyrir mörgum árum hug á að koma slíkri framleiðslu á fót, þótt ekki vissi ég, af hvaða ástæðu ekki varð úr framkvæmdum. Allar áætlanir Landssmiðjunnar voru byggðar á ýmsum tilboðum, sem hún aflaði sér frá útlöndum og hefur í höndum. Auk þess kom það til tals, að A. Jóhannsson & Smith og Landssmiðjan gætu e.t.v. haft samvinnu um þessa framkvæmd. Allar bollaleggingar um þetta féllu þó skjótt niður, þar sem Fjárhagsráð vísaði umsókn Landssmiðjunnar frá sér, og við það verður að una í bili.

15. Rafmagnsverkstæði.

Ekki er mér kunnugt um, að Landssmiðjan hafi auglýst neina stóraukningu starfsemi sinnar, enda er slíkt öðrum og erfiðari skilyrðum háð. Landssmiðjan hefur hinsvegar ráðið til sín nokkra rafvirkja og leysir af hendi rafvirkjastörf fyrir sjálfa sig og aðra eftir getu. Annars hef ég 16. jan. sl. sent atvinnumálaráðherra svar við bréfi um þetta mál, að mestu samhljóða þessari grein "Athugana". Bréf þetta var kera til ráðherrans, send af stjórn Landsambands íslenskra rafvirkjameistara. Leiði ég því hjá mér að svara þessu ýtarlega hér, en geta má þess, að ný verkstæði hafa sjaldan átt upp á háborðið hjá þeim eldri, þótt ekki hafi alltaf gengið öll þau ósköp á sem nú. Geta rafmagnsverkstæðið Segull h/f og vélaverkstæði Sig. Sveinbjörnssonar sagt sínar sögur af því.

16. Pólitísk starfsemi.

Alþýðuflokkurinn mun frá fyrstu tíð hafa átt nokkru fylgi að fagna í Landssmiðjunni, þótt ekki hafi það farið vaxandi, eftir því sem ég veit best. Landssmiðjan ræður til sín starfskrafta eftir því sem hægt er eftir hæfileikum og dugnaði. Pétur Pétursson er dugandi maður í starfi, hvað sem pólitískum skoðunum hans líður, enda leitaði eitt hliðstætt fyrirtæki, Vélsmiðjan Héðinn h/f, fyrir nokkru hófanna um að ráða hann til sín sem verzlunarstjóra, þótt ekki hafi hann þá verið minni alþýðuflokksmaður en nú. Óskar Hallgrímsson er enginn forstöðumaður innan Landssmiðjunnar. Ekki skil ég dylgjur um að veða aftan að Sigurjóni Jónssyni í járnsmiðafélaginu, þar sem öllum er kunnugt um, að sjálfstæðismenn og alþýðuflokksmenn hafa nú samvinnu um stjórn þess félags og hafa ákveðið að halda þeirri samvinnu áfram um næstu stjórnarkosningu. Hvað snertir X A- skiltið, sem vakti ímyndunaraflið í huga hins hnittna vegfaranda, þá hefur Landssmiðjan aldrei nálægt þeirri smíði komið, en hitt hef ég sannfrétt, að fyrir smíðinni hafi staðið þeir Finnur. B. Kristjánsson og Siguroddur Magnússon, sem báðir eru meðlimir ofangreinds Landssambands Íslenskra rafvirkjameistara.

17. Örfá dæmi um aðstöðu Landssmiðjunnar og einkafyrirtækja.

Stofnfé Landssmiðjunnar var kr. 50.000.- en var hækkað árið 1947 í kr. 327.000.-. Landssmiðjan greiðir ekki arð af þessu fé (hann ætti að nema kr. 19.600 árlega samanborið við flest hlutafélög), en aftur á móti er allur hagnaður Landssmiðjunnar sjálfkrafa eign ríkisins, og hún verður jafnan að lána ríkisstofnunum, sem við hana skipta, vaxtalaust stórupphæðir til lengri eða skemmri tíma.

Skatta greiðir Landssmiðjan eins og hlutafélög, en fyrir útsvari er gerð grein hér að framan.

Samkeppnin er jafn hörð fyrir Landssmiðjuna og aðrar smiðjur, og gildir það ekki síður um viðskipti við ríkisstofnanir en einstaklinga, eins og að ofan greinir.

18. Tillögur um breytingar á rekstri Landssmiðjunnar.

Um tillögur 1. til 4 er það að segja, að allar miða þær að því að drepa Landssmiðjuna úr uppdráttarsýki, viðskiptamönnum hennar

og ríkissjóði til fjárhagslegs tjóns.

5. tillagan er athugandi. Landssmiðjunni mætti breyta t.d. í hlutafélag, eins og Magnús Gíslason fyrrv. skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu lagði eitt sinn til.

Grundvöllurinn gæti verið þessi:

Ymsum félögum og einstaklingum, sem þurfa á járnsmíðavinnu að halda, yrði boðin þátttaka eftir getu þeirra eða öðrum föstum reglum. Ríkissjóður gæti fyrir hönd stofnana sinna gerzt hluthafi, með því að leggja fram raunverulega hreinar eignir Landssmiðjunnar. Aðrir hluthafar legðu fram hlutafé eftir þátttökuhlutfalli þeirra. Kostir þessa fyrirkomulags yrðu einkum:

1. Viðskiptamenn smiðjunnar hefðu áhrif á stjórn hennar og hlutdeild í hagnaði beinum og óbeinum. Þetta er heilbriggt, og er mér því miður ekki kunnugt um, að eigendur neinna smiðja hér hafi hagsmuna að gæta í þeim fyrirtækjum, sem starfssemi þeirra byggist á.
2. Með innborgun hlutafjár greiddist úr fjárskorti, sem nú háir mjög rekstri Landssmiðjunnar.
3. Hið nýja hlutafélag nyti góðs af þeirri reynslu og hinu innra skipulagi Landssmiðjunnar, eins og hún hefur þróast á undanförunum árum.
4. Þetta mundi ekki raska lífsafkomu þess fjölda starfsmanna, sem hefur atvinnu sína af rekstri smiðjunnar.

Lokaorð.

Ef litið er fram hjá þeim ~~Leitis-Gróu-~~brag, sem setur svip sinn á mikinn hluta "Athuganaum Landssmiðju", sem þessar athugasemdir fjalla um, virðist mér innihald þeirra vera þetta:

Síðan sjálfstæðismenn tóku við stjórn Landssmiðjunnar, bæði í ráðherrastóli og í framkvæmdastjórn, hefur þessum störfum verið gegnt " af alúð og samvirkusemi eins og opinberum starfsmönnum hlýðir og sémir". Leitast hefur verið við að rétta hag fyrirtækisins, sem áður var kominn í kaldakol. Gætt hefur verið meiri hagsýni við innkaup, framleiðslu og sölu afurðanna en áður var. Fylgt hefur verið með markaði og tækiferin notuð betur til þess að útvega viðskiptamönnum hagkvæm kjör miðað við harða samkeppni.

Auk þess hefur seinni árin ekki verið einblínt eins á lagabókstafinn um forgangsrétt að verkefnum, en meira farið inn á hinn frjálsa markað og samkeppni um verkefni ríkisstofnana sem annarra viðskiptamanna.

Einnig hefur verið haldið í við Landssmiðjuna um fé hjá lánsstofnunum, eins og sézt á því, að bankalán og skuldbindingar smiðjunnar hafa minnkað jafnframt því sem umsetning hennar hefur margfaldast.

Nú er að vísu af nógu að taka fyrir þá, sem gagnrýna vilja Landssmiðjuna og rekstur hennar. Ýmsu er þar ábótavant, bæði stjórn, vinnubrögðum og aðbúnaði, þótt sumt kunni að standa til bóta.

"Athuganir um Landssmiðju" virðast skrifaðar af umhyggju fyrir þeim fyrirtækjum, sem hafa misst viðskipti sín í hendur Landssmiðjunnar. Mér er ekki kunnugt um, að rekstur neins þessara fyrirtækja hafi dregið saman. Mörg þeirra hafa stóraukið rekstur sinn undanfarin ár. Hitt mun rétt, að hlutdeild Landssmiðjunnar í aukningu verkefna smiðjanna hefur á síðustu árum verið meiri en oft endranær.

Það ber að hafa í huga, að upplýsingar um rekstur og afkomu Landssmiðjunnar liggja opnar fyrir allra augum, en hjá einkafyrirtækjum er þetta venjulega aðgengilegt aðeins fáum mönnum.

Mig grunar, að þetta hafi meðal annars komið af stað hinni hvatskeytlegu herferð höfundar "Athugana um Landssmiðju". Hins hefur hann ekki gætt, að notfæra sér vel aðstöðu sína og taka aðeins staðreyndirnar til athugunar. Þessvegna er plaggið allt mjög háll baráttugrundvöllur.

Reykjavík, 17. febrúar 1954

Jóhannes Løega